

Nd.

549. Frumvarp

til laga um breytingar á siglingalögum frá 30. nóv. 1914.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. í siglingalögum, nr. 56 frá 30. nóv. 1914, orðist þannig:

Þau skip mega hafa íslenskan fána, sem heimili eiga á Íslandi og að $\frac{2}{3}$ hlutum eru eign manna, sem búsettir eru á Íslandi og hafa haft þar heimilisfestu í 1 ár. Nú er skip hlutafjelagseign, og skulu þá stjórnarnefndarmennirnir allir vera búsettir á Íslandi og hafa haft þar eins árs heimilisfestu, og heimilisfang fjelagsins þar.

2. gr.

11. gr. í sömu lögum orðist þannig:

Nú missir skip rjett til að sigla undir íslenskum fána, eða er af öðrum ástæðum strikað út úr skránum yfir íslensk skip, og hefir þetta engin áhrif á þinglesin eignarhöft samkvæmt 5. og 6. gr. Þó fellur í gjalddaga skuld, sem trygð er með þinglesnu veði í skipi eða skipshluta, um leið og skipið er strikað út úr skránni yfir íslensk skip.

3. gr.

Fyrir danskt flagg í sömu lögum kemur alstaðar: íslenskur fáni, og fyrir danskur konsúll kemur: íslenskur ræðismaður eða sá, sem fer með slíkt vald fyrir Íslands hönd.

4. gr.

Þau skip, sem löglega hafa verið tekin upp á skipaskrá yfir íslensk skip fyrir 1. des. 1918, skulu ekki strikuð út úr skránni, þó að skilyrðum um búsetu eigenda eða stjórnarnefndarmanna hlutafjelaga, er skip eiga, og ákvæðunum um heimilisfang fjelags samkvæmt 1. gr. laga þessara sje ekki fullnægt, og skulu skip þessi hafa rjett til að nota íslenskan fána.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.